

ÚRSKURÐUR

Aganefnd KLÍ fundaði þriðjudaginn 26. september 2017 vegna dómaraskýrsludags. 25. september 2017, þar sem tilkynnt var að lið ÍR-A hefði ekki verið í samstæðum búningum í 1. umferð deildarkeppni karla sem fram fór sama dag. Samkvæmt dómaraskýrslu var einn leikmanna ekki í eins buxum og aðrir leikmenn.

Í 18. gr. reglugerðar KLÍ um keilumót segir:

„Búningar.

Allir leikmenn liðs skulu vera í eins keppnistreyjum af sama lit og sömu gerð Karlar skulu vera í síðbuxum af sama lit og sömu gerð, en konur mega vera í síðbuxum, pilsu eða stuttbuxnadressi af sama lit og sömu gerð.“

Í 7. gr. reglugerðar KLÍ um aganefnd KLÍ segir:

„Ef leikmenn liðs leika ekki allir í eins búningum, eins og kveðið er á um í reglugerð um keilumót, er aganefnd heimilt að dæma félagið í allt að 5.000 kr. sekt.“

Úrskurðarorð

ÍR greiði KLÍ sekt að fjárhæð kr. 2.500 kr.

Gunnar Þór Ásgeirsson, formaður aganefndar
Hörður Ingi Jóhannsson
Árni Þór Finnsson